

Nd.

246. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er flutt í tengslum við gildandi samninga Íslands við Friverslunar-samtök Evrópu og Efnahagsbandalagið. Þingflokkur Alþýðuflokksins var þessari samningsgerð fylgjandi og styður því þær tollalækkunir, sem af henni leiðir. Sú lækkun tolla, sem frv. gerir ráð fyrir og ekki stendur í beinum tengslum við þessa samninga, er eingöngu íslenskum iðnaði til hagsbóta og miðar því í rétta átt. Formbreytingar þær, sem gerðar eru á tollskránni, eru og allar til bóta.

Hitt er annað mál, að enn eru í gildi háir fjáröflunartollar, og er óeðlilegt ósamræmi milli þeirra innbyrðis. Ýmsar vörur, sem einu sinni voru taldar óhófs-vörur, en eru nú notaðar af öllum almenningi, svo sem ýmis heimilistæki, eru hátollaðar, en miður nauðsynlegar vörur í miklu lægri tollflokkum. Úr þessu þarf að bæta sem fyrst.

Samþykkt þessa frv. mun lækka tolltekjur ríkissjóðs á næsta ári um því sem næst 1 200 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir 1977, sem lagt var fram í haust, var gert ráð fyrir 600 millj. kr. tekjuminnkun vegna þessarar tollalækkunar. Niðurfelling sölugjalds veldur 150 millj. kr. tekjulækkun til viðbótar. Þegar tollafrumvarpið kom fram fyrir fáum dögum, var þar gert ráð fyrir meiri tollalækkunum en ráðgerðar höfðu verið í haust, sem nemur um 350 millj. kr. Þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í efri deild, lækka tolltekjur ríkissjóðs enn um rúmlega 100 millj. kr., þannig að tekjulækkun ríkissjóðs vegna samþykktar frv. mun nema um 1 200 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar aðeins tekið tillit til 600 millj. kr. tekjulækkunar. Við 3. umr. um fjárlagafrv. hlýtur ríkisstjórnin að gera grein fyrir því, hvernig hún hyggst mæta þessum tekjumissi.

En í heild er stefna frv. rétt og munu þingmenn Alþýðuflokksins í deildinni þess vegna styðja það.

Alþingi, 18. des. 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.